

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. júní 2016
UST201605-242/B.S.
10.05.03


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - sjóvarnir á Vatnsleysuströnd. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaða er að gera sjóvörn á um 380 m löngum kafla í Breiðagerðisvík. Efnisþörf er talin vera um 3.000 m³. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er grasi vaxinn mói eða gamalt tún. Fjaran er ýmist malar- eða sandfjara. Sjóvörnin verður staðsett efst í fjörukambi og fram kemur í greinargerð að garðurinn muni ekki standa nema 50 cm yfir landhæð og verða því lítt sýnilegur og enn fremur að slóð liggur nú þegar nánast að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri